



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1692
komudagur 11.3.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 11. mars 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 538. mál, heildarlög.

Iðjuþjálfafélag Íslands þakkar tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp. Tímabært er að gera breytingar á lögum um stofnunina.

Í frumvarpinu kemur fram að með nýju lögnum skuli felld niður ákvæði um skráningu á fötlun, þar sem þetta ákvæði hefur ekki verið virkt. Í því sambandi þykir okkur rétt að benda á nauðsyn þess að í landinu sé til skrá yfir eðli og umfang þroskaraskana þar eð slík skráning skapar forsendur fyrir rannsóknir og aukna þekkingu.

Kveðið er á um hlutverk annarra hvað varðar greiningu og eftirfylgd. Skilgreina þarf þetta hlutverk betur þannig að tryggja megi að einstaklingar með alvarlegar þroskaraskanir fái þá þjónustu sem þeir þurfa.

Að lokum vill Iðjuþjálfafélag Íslands taka undir nauðsyn þess að hafa öfluga þriðja stigs stofnun eins og Greiningar- og ráðgjafarstöð á landsvísu. Auk þess að sinna greiningu og eftirfylgd vegna skjólstæðinga með fatlanir er nauðsynlegt að stofnunin hafi svigrúm til að efla þekkingu á sviði þroskaraskana. Það verður einungis gert með markvissu og vel skilgreindu rannsóknar- og fræðslustarfi. Til þessara þátta þurfa stjórnvöld að tryggja nægilegt fjármagn til framtíðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Iðjuþjálfafélags Íslands

Kristín Sigursveinsdóttir, formaður